

Ed.

840. Þingsályktun

um Þingvöll.

(Afgreidd frá Ed. 15. sept.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta rannsaka girðingastæði og girðingakostnað umhverfis svæðið frá Þingvallavatni milli Almannaá og Hrafnagjár norður á mótis við Armannsfell og Hrafnabjörg.
2. Að rannsaka, á hvern hátt heppilegast yrði fyrir komið að afnema búfjárrækt og ábúð á býlunum Hrauntúni, Skógarkoti og Þingvöllum ásamt Vatnskoti.
3. Að koma í veg fyrir, að einstakir menn eða fjelög reisi sumarbústaði eða nokkur önnur skýli á svæðinu, sem í 1. lið getur.
4. Að skipa umsjónarmann á Þingvöllum yfir sumarið, er gæti þar góðrar reglu.
5. Að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um friðun Alþingisstaðarins forna við Öxará, að meðtöldu umhverfi hans, er æskilegt þykir að friða.

Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, er stjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði.